



# Starfsreglur stjórnar Samtaka iðnaðarins

## Almennt um starfsreglur stjórnar

Starfsreglur þessar eru settar af stjórn Samtaka iðnaðarins (SI) og eru í samræmi við lög SI. Að öðru leyti en í starfsreglum þessum greinir vísast til laga SI.

Markmið starfsreglna stjórnar er að tryggja faglega og hlutlæga umfjöllun þeirra mála sem samtökin taka til umfjöllunar.

Starfsreglur þessar skal taka til skoðunar að loknum aðalfundi hvers árs með tilliti til hugsanlegra breytinga.

## 1. gr. Verksvið stjórnar

1.1 Stjórn skal annast um að skipulag SI og starfsemi þess sé jafnan í góðu horfi.

Stjórn skal í störfum sínum horfa til 2. gr. laga SI um meginhlutverk samtakanna og tilgang. Skal stjórnin setja markmiðsáætlun í samræmi við tilgang SI og marka þá stefnu sem farin skal til að ná settum markmiðum.

1.2 Helstu verkefni stjórnar eru eftirfarandi:

Stjórn kýs í nefndir á sínum vegum, til ákveðinna verkefna, eftir því sem þörf er á eða ákveðið er á aðalfundum. Reglur um tilnefningar og skipanir í nefndir og stjórnir fer skv. 11. grein.

Stjórn ákvarðar hámarks- og lágmarksárgjald fyrir hvert ár, sbr. 9. gr. laga SI. Stjórn birtir ákvörðun sína á vefsvæði Samtaka iðnaðarins eigi síðar en mánuði eftir aðalfund.

Stjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Sama gildir um ákvarðanir í slíkum málum sem lúta að útgreiðslu úr Akk SI. Dæmi um óvenjulegar eða mikilsháttar ákvarðanir eru:

- Sala á fasteignum SI, kaup á fasteignum, veðsetning fasteigna
- Breytingar á skipuriti og skipulagi SI
- Breytingar á fjárfestingarstefnu Akks SI

Stjórn getur veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála, þó í samræmi við 11. gr. laga SI.

Stjórn setur sér starfsáætlun í upphafi hvers starfsárs og í lok hvers starfsárs metur árangur á starfi stjórnar.

## 2. gr. Fyrirsvar stjórnar

2.1 Formaður er málsvari stjórnar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni samtakanna, nema formaður ákveði annað. Geti formaður ekki sinnt starfsskyldum sínum sökum forfalla tekur varaformaður við skyldum hans.

2.2 Framkvæmdastjóri fer, í umboði stjórnar, með atkvæði samtakanna á fundum allra þeirra félaga og stofnana sem samtökin kunna að eiga eignarhluti í eða aðild að. Þetta umboð er framselt með tilnefningum í stjórnir skv. reglum þessum. Í öðrum tilvikum er formanni heimilt að framselja öðrum þetta umboð, telji hann þess þörf.

2.3 Formaður kemur fram fyrir hönd stjórnar gagnvart framkvæmdastjóra.

### **3. gr. Boðun funda o.fl.**

- 3.1 Formaður stjórnar boðar til stjórnarfundna, eða framkvæmdastjóri fyrir hans hönd. Fundir skulu haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði en oftast telji stjórn ástæðu til. Stjórnarfundir skulu að jafnaði haldnir á skrifstofu SI.
- 3.2 Framkvæmdastjóri á sæti á fundum stjórnar og hefur þar umræðu- og tillögurétt nema stjórn ákveði annað í einstaka tilvikum. Framkvæmdastjóri velur hverju sinni starfsmann stjórnar sem situr jafnframt stjórnarfundum, undirbýr þá í samráði við framkvæmdastjóra og ritar þá.
- 3.3 Endurskoðandi SI á rétt á að sitja fundi stjórnar þegar fjallað er um reikningsskil sem hann hefur áritað. Skal honum jafnframt skylt að sitja stjórnarfundum ef einstakir stjórnarmenn óska þess.
- 3.4 Til stjórnarfundna skal að jafnaði boðað með a.m.k. viku fyrirvara, með rafpósti eða símleiðis. Formaður stjórnar getur þó ákveðið skemmri frest telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna. Stjórnarmönnum er heimil þátttaka í stjórnarfundum með fjarskiptabúnaði.
- 3.5 Dagskrá stjórnarfundna skal send stjórnarmönnum með hæfilegum fyrirvara. Formanni er skylt að sjá til þess að stjórnarmönnum gefist kostur á að kynna sér þau gögn sem lögð kunna að verða fyrir stjórnarfund með að lágmarki tveggja sólarhringa fyrirvara með því að leggja gögn inn á vefgátt stjórnarmanna.
- 3.6 Boði aðalmaður forföll skal varamaður boðaður í hans stað. Varamenn raðast eftir atkvæðamagni þeirra á lönþingi. Sá skal boðaður fyrstur sem fékk flest greidd atkvæði á lönþingi. Á varamönnum hvíla sömu skyldur og aðalmönnum, þar á meðal um hæfi stjórnarmanna, sbr. 6. gr. og trúnaðar- og þagnarskyldu, sbr. 7. gr.
- 3.7 Varamenn skulu hafa aðgengi að vefgátt stjórnarmanna og þeim gögnum sem þar eru að finna. Jafnframt skal gæta þess að varamenn séu ávallt upplýstir um fyrirhugaða stjórnarfundum og dagskrá.

### **4. gr. Ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl.**

- 4.1 Formaður stýrir stjórnarfundum.
- 4.2 Óski stjórnarmenn að taka upp einstök mál á stjórnarfundum skulu þeir snúa sér til formanns.
- 4.3 Jafnvel þótt stjórnarmenn geti rætt einstök stjórnarmál milli stjórnarfundna skal tryggt að öll mál fái faglega umfjöllun og atkvæðagreiðslu á fundum stjórnar.
- 4.4 Allar fyrirspurnir frá stjórn til starfsmanna samtakanna skulu gerðar með vitund framkvæmdastjóra.

### **5. gr. Fundargerðir og fundargerðarbók**

- 5.1 Formaður skal sjá til þess að haldin sé gerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum og um ákvarðanir stjórnar. Formaður skal einnig fylgjast með framvindu ákvarðana stjórnar innan SI og staðfesta innleiðingu þeirra gagnvart stjórn.
- 5.2 Í fundargerðarbók skal skrá eftirfarandi:
  - a. Hvar og hvenær fundurinn er haldinn.
  - b. Hverjir sitja fundinn og hver stýrir honum.
  - c. Dagskrá fundarins.
  - d. Stuttu skýrslu um umræður á fundum og hvaða ákvarðanir hafa verið teknar.
  - e. Hvenær og hvar næsti stjórnarfundur verður haldinn.
  - f. Hver ritað hafi fundargerðina.
- 5.3 Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem ekki eru sammála ákvörðun stjórnar, eiga rétt á að fá athugasemdir skráðar í gerðarbókina.

- 5.4 Sé fundargerð ekki full frágengin í lok fundar skulu drög fundargerðar send stjórnarmönnum með þeim hætti sem formaður ákveður. Skulu stjórnarmenn hafa komið á framfæri við fundarritara þeim athugasemdum sem þeir kunna að hafa við drögin fyrir upphaf næsta fundar. Þar skal fundargerðin borin upp til samþykktar.
- 5.5 Fundargerðarbók skal undirrituð af formanni og fundarritara. Fundargerðir sem færðar hafa verið inn í fundargerðarbók SI teljast full sönnun þess sem gerst hefur á stjórnarfundum.
- 5.6 Þegar fundargerð hefur verið undirrituð skal ritari tryggja að hún verði skönnuð og vistuð á vefgátt stjórnar.

## **6. gr. Þagnar- og trúnaðarskylda**

- 6.1 Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni SI og önnur þau atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnarmenn og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum SI, lögum eða eðli máls, nema um sé að ræða málefni sem stjórnin ákveður að gera opinber.
- 6.2 Stjórnarmaður skal varðveita öll gögn með tryggilegum hætti sem hann fær afhent til að gegna starfa sínum sem stjórnarmaður. Skulu stjórnarmenn afhenda SI öll gögn sem þeir kunna að hafa fengið í hendur í tengslum við einstök málefni samtakanna ef formaður stjórnar telur á því nauðsyn.

## **7. gr. Hæfi stjórnarmanna**

- 7.1 Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði samtökin.
- 7.2 Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mega ekki taka þátt í meðferð máls milli SI og þeirra, um málshöfðun gegn þeim eða um samningsgerð milli SI og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmunum SI. Skyld er stjórnarmanni og framkvæmdastjóra að upplýsa um slík atvik.
- 7.3 Stjórnarmenn skulu, er þeir gerast stjórnarmenn, upplýsa um setu í stjórnnum félaga eða samtaka. Skulu þeir jafnframt upplýsa stjórn SI hverju sinni er þeir eftir það taka sæti í stjórnnum félaga eða láta þar af störfum.

## **8. gr. Laun stjórnarmanna**

- 8.1 Aðalfundur ákveður launakjör formanns stjórnar og varaformanns, sem og önnur kjör stjórnarmanna, skv. tillögu launanefndar.
- 8.2 Að loknu lönþingi skal stjórn SI velja þrjá stjórnarmenn í launanefnd aðra en formann og varaformann. Launanefnd leggur fram tillögu um launastefnu SI, fyrir stjórn.
- 8.3 Stjórnarmenn sem búsettir eru meira en 25 km frá höfuðstöðvum SI frá greiddan ferðakostnað sem til stofnast vegna starfa fyrir SI skv. reikningi fyrir útlögðum kostnaði eða kílómetragjaldi eftir því sem við á. Framkvæmdastjóri staðfestir hvern reikning, en skilar árlega yfirliti til stjórnar um allar slíkar greiðslur.

## 9. gr. Skýrslur og upplýsingar

- 9.1 Framkvæmdastjóri skal á hverjum stjórnarfundum leggja fyrir stjórn skýrslu um starfsemi SI frá síðasta stjórnarfundum í stórum dráttum.
- 9.2 Stjórn getur á stjórnarfundum krafist framkvæmdastjóra og aðra helstu starfsmenn SI um upplýsingar og gögn sem stjórninni eru nauðsynleg til að hún geti sinnt verkefnum sínum.

## 10. gr. Sviðsráð Samtaka iðnaðarins

- 10.1 Innan Samtaka iðnaðarins starfa sviðsráð, þar á meðal hugverkaráð, mannvirkjaráð, matvælaráð og framleiðsluráð.
- 10.2 Hvert sviðsráð skal setja sér starfsreglur, sem samþykktar eru af stjórn SI, og skipa formann.
- 10.3 Formenn sviðsráðanna skulu árlega leggja fyrir stjórn skýrslu um starfsemi og áherslur ráðanna.

## 11. gr. Undirritun ársreiknings o.fl.

- 11.1 Ársreikningur SI skal lagður fyrir stjórn SI til afgreiðslu og skal stjórnin ásamt framkvæmdastjóra undirrita ársreikninginn. Telji stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri að ekki beri að samþykkja ársreikninginn eða samstæðureikninginn, eða hann hefur mótbárur fram að færa, skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

## 12. gr. Tilnefning stjórnar í stjórnir og nefndir

- 12.1 Stjórn tilnefnir fulltrúa SI í stjórnir þeirra fyrirtækja og stofnana sem SI á aðkomu að eða tilnefnir í, að fenginni tillögu formanns og framkvæmdastjóra. Tillögu þeirra skal bera undir stjórn SI á næsta stjórnarfundum til samþykkis eða synjunar.  

Stjórn getur falið formanni eða framkvæmdastjóra ákvörðunarvald um tilnefningu eða skipun í einstaka stjórnir eða nefndir. Ber framkvæmdastjóra einu sinni á ári að upplýsa stjórn um þær tilnefningar og skipanir sem fara fram á grundvelli þessarar heimildar.
- 12.2 Við skipan og tilnefningu nefndar- og stjórnarmanna skal horft til samsetningu viðkomandi nefndar og stjórnar hvað varðar þekkingu, reynslu og faglegt hæfi nefndar- og stjórnarmanna.  

Stjórn SI hefur jafnrétti kynja í heiðri við skipun og tilnefningar í nefndir og stjórnir sem SI hefur aðkomu að.
- 12.3 Fulltrúar SI skulu ávallt vera reiðubúnir að gefa stjórn almennar upplýsingar um störf sín að málefnum þeirra nefnda og stjórna sem þeir eiga aðild að fyrir hönd SI. Þetta gildir ekki um upplýsingar sem þeir eru bundnir trúnaði um í sínum störfum. Fulltrúar SI í stjórn SA skulu ársfjórðungslega gefa stjórn SI slíkar upplýsingar.
- 12.4 Skipað skal í neðangreindar stjórnir og nefndir með eftirfarandi hætti:

### 12.4.1 Stjórn lífeyrissjóða

Stjórn SI skipar þriggja manna valnefnd og skal hún skipuð formanni SI, varaformanni og framkvæmdastjóra. Skal valnefnd gera tillögu til stjórnar SI um fulltrúa í stjórnir lífeyrissjóða þar sem SI gerir tillögu til framkvæmdastjórnar SA um tilnefningar. Valnefnd skal ennfremur gera sérstaka tillögu um fulltrúa í stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna, að fengnu álitum framkvæmdastjórnar/stjórnar SA. Stjórn SI greiðir atkvæði um tillögurnar.

Fulltrúar samtakanna í stjórnun lífeyrissjóða verða tilnefndir sem aðalmenn í eitt kjörtímabil í senn, að hámarki átta ár í sömu stjórn. Hafi stjórnarmaður skipt um starfsvettvang frá því er hann var síðast tilnefndur skal athuga það sérstaklega hvort tilnefning verði endurnýjuð. Slíkar breytingar hafa þó ekki áhrif á þau tímamörk sem tilgreind eru í 1. málslíð.

Um skipan í stjórnir lífeyrissjóða fer að öðru leyti eftir reglum um tilnefningar Samtaka atvinnulífsins í stjórnir lífeyrissjóða sem samþykktar voru af stjórn SA þann 25. febrúar 2020, og gilda frá 1. janúar 2020, sjá viðauka II við starfsreglur stjórnar.

#### 12.4.2 Stjórn Akks SI

Stjórn SI skipar í stjórn Akks SI í samræmi við samþykktir Akks SI.

#### 12.4.3 Stjórn og framkvæmdastjórn SA

Stjórn SI skipar í stjórn og framkvæmdastjórn SA samkvæmt tillögu formanns.

#### 12.4.4 Skipan í aðrar stjórnir og nefndir

Um skipan í aðrar stjórnir og nefndir á vegum SI eða sem SI hefur aðkomu að fer samkvæmt viðauka I við þessar reglur.

### 13. Reglur um störf stjórnar

- 13.1 Stjórnarmenn skulu kynna sér og vera bundnir af ákvæðum laga sem gilda um ábyrgð, vald og störf stjórnar SI. Ennfremur skulu stjórnarmenn ávallt gæta þess að haga störfum sínum í samræmi við samkeppnisréttarstefnu SI. Um störf stjórnarmanna fer að öðru leyti, en greinir í starfsreglum þessum, samkvæmt hlutafélagalögum, lögum um ársreikninga, öðrum almennum lögum sem og lögum SI.
- 13.2 Nýir stjórnarmenn skulu fá afhent eintök af lögum SI og starfsreglum stjórnar. Nýir stjórnarmenn fá aðgang að vefsvæði stjórnar. Jafnframt skulu þeir fá sérstaka kynningu hjá formanni stjórnar og framkvæmdastjóra á starfsemi SI.

### 14. gr. Breytingar á starfsreglum stjórnar

- 14.1 Einungis stjórn SI getur gert breytingar á starfsreglum þessum. Til breytinga á starfsreglunum þarf samþykki einfalds meirihluta stjórnar.

### 15. gr. Varsla og meðferð starfsreglna

- 15.1 Starfsreglur skulu skannaðar og vistaðar á vefgátt stjórnar.
- 15.2 Þau sem eiga sæti í stjórn við setningu starfsreglna þessara skulu undirrita frumrit starfsreglnanna. Ef stjórnin samþykkir breytingar á starfsreglunum skulu stjórnarmenn undirrita frumrit af reglunum svo breyttum. Nýjum stjórnarmönnum skulu kynntar starfsreglurnar og skulu þeir undirrita frumrit þeirra því til staðfestu.
- 15.3 Stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og endurskoðenda SI skulu fá afhent eintak af starfsreglum og samþykktum SI sem í gildi eru á hverjum tíma.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi Samtaka iðnaðarins 19. apríl 2021

## **REGLUR** **um tilnefningar Samtaka iðnaðarins í stjórnir og nefndir**

1. Reglur þessar eru settar af stjórn Samtaka iðnaðarins sem viðauki við starfsreglur stjórnarinnar og fjalla um skipan og tilnefningar Samtaka iðnaðarins í stjórnir og nefndir sem SI á aðkomu að, að öðru leyti en greinir í 11. gr. starfsreglna stjórnar.
2. Formaður stjórnar ásamt framkvæmdastjóra skipa sameiginlega, að fengnu samþykki stjórnar SI, í stjórnir eftirfarandi aðila:
  - Klak Innovit / Icelandic Startups
  - Tækniþróunarsjóður
  - Úrvinnslusjóður
  - Háskólaráð HR
  - Íþróttá- og sýningarhöllin ehf.
  - Framkvæmdastjórn HR
  - Tækniskólinn ehf.
  - Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins
3. Framkvæmdastjóri SI, að höfðu samráði við formann, skipar fulltrúa SI í aðrar stjórnir, án aðkomu stjórnar. Má þar til að mynda nefna:
  - Auðna tæknitorg
  - Byggingastaðlaráð
  - Byggingarvettvangurinn
  - Fagråd atvinnulífs og Neytendastofu á sviði mælifræði
  - Fræðslusjóður bókgæðarmanna
  - Grænvangur
  - GS1 á Íslandi
  - Hafid öndvegissetur
  - IÐAN -Fræðslusetur ehf. - Stjórn
  - IÐAN –Fræðslusetur ehf. - Bygginga- og mannvirkjasvið
  - IÐAN - Fræðslusetur ehf. - Matvæla- og veitingasvið
  - IÐAN - Fræðslusetur ehf.- Málm- og véltækisvið
  - IÐAN - Fræðslusetur ehf. – Prenttækisvið
  - Matsnefnd vinnsluverkefna
  - Matvæland – Samstarfsvettvangur
  - Nýsköpunarsjóður námsmanna
  - Ráðgjafanefnd EFTA/EES (EES 1)
  - Staðlaráð Íslands STRÍ
  - Sundaboginn
  - Starfsmenntasjóður SA, VSSÍ
  - STRÍ - Byggingastaðlaráð
  - STRÍ - fagråd í upplýsingatækni
  - STRÍ - fagstjórn í gæðamálum
  - STRÍ - fagstjórn í véltækni
  - SVESÍ
  - Umhverfismerkisráð
  - Úttektarnefnd Matvælastofnunar
  - Vaxtarsprotinn
  - Vinnueftirlit ríkisins - verkefnaráð vinnuvéla
  - Verkstjórnarfræðsla NSA
  - Viðskiptamannaráð Landsnets
  - Verðlaunasjóður iðnaðarins
  - Verkið

## REGLUR

um tilnefningar Samtaka atvinnulífsins í stjórnir lífeyrissjóða  
Samþykktar af stjórn SA 25. febrúar 2020

### 1. Gildissvið

Reglur þessar eru settar á grundvelli kjarasamnings ASÍ og SA um lífeyrismál sem kveður á um að stjórnir lífeyrissjóða skuli skipaðar fulltrúum stéttarféлага og SA að jöfnu. Framkvæmdastjórn SA tilnefnir í stjórnir sjóðanna fyrir hönd samtakanna.

### 2. Hlutverk stjórnar og stjórnarmanna

Stjórn lífeyrissjóðs mótar stefnu og starfshætti sem tryggja sjóðfélögum sem bestan lífeyrisrétt. Stjórn setur lífeyrissjóðnum markmið og ákveður leiðir að þeim. Stjórn hefur fjárhagslegt og stjórnunarlegt eftirlit með stjórnendum viðkomandi lífeyrissjóðs og leggur mat á störf þeirra. Stjórn skal þannig skipuð að hún geti tekist á hendur stjórnunarleg verkefni, þ.m.t. stefnumótun, fyrir lífeyrissjóðinn og verið hæfur samstarfsaðili stjórnenda sjóðsins.

### 3. Val og hæfi stjórnarmanna

SA munu með auglýsingum, m.a. á vef samtakanna og almennri hvatningu, óska eftir því að hæfir einstaklingar, sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum SA eða hagsmunasamtökum þeirra, gefi kost á sér til starfa í stjórn lífeyrissjóða. Leitað verður eftir einstaklingum með fjölbreytta reynslu og þekkingu m.a. varðandi lífeyrismál, stjórnun, stefnumótun, áætlanagerð og reikningshald, lögfræðileg málefni og fjármálamarkað. Úr þessum hópi eru tilnefndir til stjórnarsetu einstaklingar sem hæfastir eru taldir í ljósi þeirra eiginleika sem sóst er eftir í viðkomandi stjórn. Við tilnefningar stjórnarmanna er litið til þekkingar og reynslu þeirra með hliðsjón af þeim eiginleikum sem nauðsynlegt er að viðkomandi stjórn búi yfir. Fimm manna hæfisnefnd, sem skipuð er framkvæmdastjóra SA og fulltrúum fjögurra aðildarfélaga SA fjallar um hæfi einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarstarfa. Við tilnefningar skal þess gætt að hlutfall kynja sé sem jafnast í stjórn viðkomandi sjóðs.

SA beita sér fyrir að stjórnarlaun séu samkeppnisfær, þ.e. svipuð því sem gengur og gerist þar sem ábyrgð stjórnarmanna er jafn mikil, svo hæft fólki fái til stjórnarstarfa.

### 4. Stjórnarhættir

Við meðferð mála skulu stjórnarmenn ávallt huga að eigin hæfi og gæta þess að ekki skapist hætta á hagsmunaárekstrum. Stjórnarmenn tilnefndir af SA gefa ekki kost á sér til stjórnarsetu í félögum þar sem viðkomandi lífeyrissjóður tilnefnir stjórnarmenn, beitir atkvæðarétti í stjórnarkjöri eða á þátt í tilnefningu stjórnarmanns. Sama gildir um fráfaramandi stjórnarmenn. Þeim er þó frjálst að sækja ársfundi eða aðra fundi slíkra félaga séu þeir hluthafar í þeim. Samkvæmt lögum<sup>1</sup> mega stjórnarmenn ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila á fjármálamarkaði eða aðila í nánum tengslum við hann, eða vera starfsmenn, endurskoðendur eða lögmenn slíks aðila eða tengdra félaga. Stjórn SA setur, að fengnu álit ráðgjafarráðs SA, leiðbeinandi reglur um góða stjórnarhætti stjórnarmanna SA í lífeyrissjóðum.

### 5. Hámarkstími stjórnarsetu

Fulltrúar SA í stjórn lífeyrissjóða eru tilnefndir sem aðalmenn tvö ár í senn, allt að átta ár samfellt í sömu stjórn. Einstaklingur sem setið hefur í stjórn sem aðalmaður í átta ár má ekki taka sæti í stjórn sem aðalmaður lífeyrissjóðs á samningssviðinu á ný fyrr en að þremur árum liðnum.

### 6. Tengsl stjórnarmanna og SA

Stjórnarmenn sem SA tilnefna eru tengiliðir milli samtakanna og stjórna viðkomandi sjóða. Í störfum sínum skulu stjórnarmenn byggja á almennum sjónarmiðum og markaðri stefnu SA í lífeyrismálum eftir því sem við á. Stjórnarmenn skulu ávallt vera reiðubúnir til að veita SA almennar upplýsingar og taka þátt í stefnumótun samtakanna í lífeyrismálum.

### 7. Ráðgjafarráð SA

Fulltrúar SA í stjórn lífeyrissjóða mynda ásamt framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóra SA ráðgjafarráð í lífeyrismálum. Ráðið hittist að jafnaði tvisvar á ári.

### 8. Gildistími

Reglur þessar gilda frá 1. janúar 2020.

<sup>1</sup> Lög nr. 129/1997, 31. gr., 2. mgr.